



TJ ÖR N

„Barnæskan á að vera skemmtilegt ævintýri”
- Loris Malaguzzi

NÁMSSKRÁ

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	3
Hlutverk Tjarnar	5 - 6
Sagan.....	7
Mannauður og sýn	8
Leiðarljós.....	9 - 12
Starfslýsingar	13
Hugmyndafræðin og áherslur í starfi	15
Stöðvavinna / verkstæðisvinna	16 - 17
Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi	18 - 19
Val - hópavinna	21
Leikur og nám	22 - 25
Sköpun og menning	26 - 28
Læsi og samskipti	30 - 32
Sjálfbærni og vísindi	33 - 34
Heilbrigði og vellíðan	36 - 39
Hefðir / menning	40 - 42
Sérkennsla	43 - 44
Mat	45 - 49
Samstarf (samstarf skólastiga og frístundar, foreldrasamstarf; foreldrafélag og foreldraráð)	50 - 54
Heimildaskrá	55
Tjarnarævintýri - Myndir úr starfi til yndisauka	4, 14, 20, 27, 29, 35, 41, 42, 51, 56





INNGANGUR

„Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.“

(Aðalnámskrá leikskóla 2011)

Vinna við námskrána hófst haustið 2014 á skipulagsdegi starfsmanna. Nokkrir starfsmenn frá skóla- og frístunda- sviði settu upp skipulag fyrir hópinn í þeim tilgangi að koma okkur af stað með vinnuna. Við byrjuðum á að vinna með læsi, sköpun og menningu í formi þjóðfundar. Í framhaldi af þeirri vinnu var myndaður vinnuhópur sem síðan mótaði framhaldið. Allir starfsmennirnir og nemendur komu að gerð námskrárinnar með einum eða öðrum hætti.

Námskráin var send foreldrum til yfirllesturs. Sjá umsögn sem fylgirit. Námskráin á að vera lifandi skjal og skal vera í sífelldri endurnýjun. Í tilefni af innleiðingu á nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar sem kallast „Látum draumana rætast“ og vegna þess að við erum að vinna í þróunar- og nýsköpunarverkefni á vegum skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur var lagt af stað í að endurmeta námskrána. Þróunarverkefnið er unnið með RannUng og nokkrum öðrum leikskólum og kallast það Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag.

Í þessari námskrá er meðal annars farið yfir sögu og hlutverk Tjarnar. Hugmyndafræði og sýn eru gerð skil ásamt grunnþáttum og námssviðum aðalnámskrár fyrir leikskóla. Við sýnum fram á hvernig markmið og leiðir tengjast grunnþáttum menntunnar.

Leikskólinn vinnur samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fjölmeningarstefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Leikskólinn býður upp á tulkapjónustu fyrir þá sem þurfa á því að halda.

Leikskólastjóri er Hulda Ásgeirsdóttir og

aðstoðarleikskólastjóri er Freyja Kristjánsdóttir.





HLUTVERK TJARNAR

Leiðarljós nýrrar menntastefnu – Barnið sem virkur þátttakandi -

„Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar og gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.“

(Menntastefna Reykjavíkur, 2019)

Lýðræði og mannréttindi: tryggja jafnan rétt, hafa áhrif og val, rökræður/gagnrýni, taka afstöðu, virkni og þátttaka, félagsleg hæfni, umburðarlyndi, samkennd.

Jafnrétti: að allir fái að njóta sín og stuðlað sé að jafnrétti kynjanna.

Sköpun: listsköpun, prófa fjölbreyttan efnivið, fá útrás og prófa eitthvað nýtt, leikurinn, leikræn tjáning, söngur, tónlist og dans.

Læsi : talað mál og ritað, samræður, umræður, læsi á umhverfið og samskipti.

Sjálfbærni: umgengni, virðing fyrir umhverfinu, skilja samhengi hluta, bera ábyrgð á eigin lífi og heilbrigði.

Heilbrigði og velferð: andleg og líkamleg heilsa barna, hvíld, næring, umhyggja, vellíðan, hreinlæti, útivera, hreyfing, jákvæð sjálfsmynd.

Leikskólinn Tjörn starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Ný aðalnámskrá var gefin út í maí 2011 og leysir hún af hólmi fyrstu aðalnámskrá leikskóla, sem gefin var út í júní 1999. Sú menntastefna sem þar er að finna, er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerð-ina. Þessir grunnþættir eru eftirfarandi: **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.**

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Einnig eiga þeir að vera sýnilegir í skólastarfinu öllu. Grunnþættirnir snúast um að vera læs á umhverfi sitt og samfélag, menningu og náttúru. Þannig geta börn þroskast og styrkst líkamlega og vitsmunalega. Þau læra að vera sjálfbjarga og vinna með öðrum. Í nýrri aðalnámskrá er lögð rík áhersla á jafnrétti og lýðræði.

Tjörn leggur ríka áherslu á lýðræði og að borin sé virðing fyrir öllum börnum.

„Til hvers grunnþættir? Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.

Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum.

Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika megin atriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám“.

(Aðalnámskrá Leikskóla 2011)



„Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.“



(Menntastefna Reykjavíkur, 2019)

SAGAN

Tjarnarborg stendur við Tjarnargötu 33 og lét Hannes Hafstein reisa húsið árið 1909 sem ráðherrabústað. Árið 1941 keypti Barnavinafélagið Sumargjöf húsið og hóf rekstur dagheimilis, leikskóla og vöggustofu. Samhliða þeim rekstri starfaði í húsinu uppeldisskóli Sumargjafar, sem síðar varð Fósturskóli Íslands og jafnframt gafst námsmeyjum skólans kostur á að leigja herbergi í risi hússins á því tímabili.

Leikskólinn Öldukot er til húsa að Öldugötu 19. Húsið var byggt árið 1930 af Þorleifi Eyjólfssyni. Það er byggt sem einbýlishús en hefur verið aðlagð eftir kostum að starfsemi leikskólans. Leikskólinn Öldukot var vígður 27. janúar 1989 og var einn af þremur leikskólum sem rekinn var af Landakotsspítala. Á þeim tíma þótti mikilvægt fyrir starfsemi spítala að reka leikskóla fyrir börn starfsmanna. Þann 1. september 1999 tóku Leikskólar Reykjavíkur yfir rekstur leikskólans.

Leikskólinn Tjörn starfar í tveimur húsum. Árið 2009 voru leikskólarnir sameinaðir og fengu þeir nafnið Tjörn. Það er góður andi í báðum húsunum. Báðar byggingarnar eru glæsilegar og eru fyrir marga kennileiti í hverfinu.



Tjörn er í næsta nágrenni við miðbæ Reykjavíkur. Frá Tjörn er stutt að fara á ýmis opin svæði fyrir almenning, s.s. Hljómskálagarð, Landakotstún, Tjörnina, höfnina og svo mætti lengi telja. Ýmis söfn og menningarhús eru í seilingarfjarlægð og leikskólinn er vel staðsettur með tilliti til almenningsangangna.

Uppeldissýn leikskólans er að leitast við að rækta með hverjum og einum þá hæfileika sem munu nýtast viðkomandi best í nútímasamfélagi. Því teljum við að nauðsynlegt sé að styrkja jákvæða sjálfsmynd barnanna, félagslega hæfni og trú á þeirra eigin getu.

Einkunnarorð okkar hér í Tjörn eru frumkvæði, vinátta og gleði.

Við teljum mikilvægt að kennarar og starfsmenn séu ánægðir og sáttir í starfi þar sem allt okkar starf endurspeglast í börnunum.



MANNAUÐUR OG SÝN

„Fagmennska og samstarf er haft í öndvegi þar sem starfsfólk rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti.“

(Menntastefna Reykjavíkur, 2019)

Eins og segir í menntastefnu Reykjavíkur þá ber að leggja áherslu á fagmennsku.

Í því ljósi var lögð áhersla á að eiga faglega gagnrýna umræðu til að móta skólastarf Tjarnar við sameiningu leikskólanna tveggja. Með því skapaðist sameiginleg sýn og viðhorf til stefnu skólastarfsins sem er í sífelldri þróun og endurskoðun ásamt því að hugmyndafræðin hefur dýpkað. Við viljum kenna okkur við hugmyndafræði Reggio Emilia sem rímar vel við aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Reykjavíkur.

LEIÐARLJÓS

Í Tjörn er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í kærleiksríku umhverfi. Börnin eru hvött til þess að setja orð á tilfinningar. Þau setja sér sjálf markmið og meta sitt eigið nám/færni. Þau eru hvött til sjálfshjálpar eins og að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig, það er mikilvægt að þau fái hlutverk í daglegu starfi. Börnunum er treyst til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra.

Viðfangsefni eru krefjandi en taka mið af færni hvers barns. Viðhorf starfsfólks til barna er að þau séu sterk og getumikil og meðvitað er unnið með styrkleika þeirra. Starfsfólk styður við börnin þegar þau takast á við nýjar áskoranir.

Meginmarkmið Tjarnar er að þegar börnin útskrifast frá Tjörn verði þau með sterka sjálfsmýnd og tilbúin að standa með sjálfum sér.



Málfríður vill verða dýrahjúkrunarfræðingur.
„... ég veit ekki af hverju“



Óskar ætlar að verða geimfari.
„... því mér finnst svo gaman að fljúga út í geim,
útaf því að ég hef aldrei prófað það“

Faglegt starf Tjarnar byggir á því að leikskólinn sé lærdómssamfélag þar sem allir læra saman og hver af öðrum, börn og fullorðnir.

Starfsfólk vill stuðla að lærdómssamfélagi með því að:

Efla þekkingu á aðalnámskránni og stefnu leikskólans.

Láta í ljós viðhorf og sýn á starfshætti leikskólans.

Eiga uppbyggilegar umræður um skólastarfið.

Efla sjálfstraust starfsmanna.

Læra og sækja þekkingu og hugmyndir til annarra.

Vera opin fyrir breytingum.

Vera fyrirmynd í starfsháttum.



**Við viljum vera góðar fyrirmyndir
Vera jákvæð og lausnamiðuð
Vanda framkomu okkar í hvívetna gagnvart öllum**

**Að vera þolinmóð
Horfa á sterku hliðarnar
Rýna til gagns
Hrósa með rökum
Rökræða**

Hlusta vel á hvert annað

Vera skýr í samskiptum og nota virka hlustun

Vera meðvituð um hvernig við notum líkamann þegar við tjáum okkur

Við erum ekki öll steipt í sama mótið

og fyrir vikið verður samfélagið litríkara og skemmtilegra

Sterk sjálfsmynd flytur fjöll

Í námsumhverfinu er börnunum mætt á þeirra forsendum þar sem þau hafa nægt rými til sjálfsefingar sem felur í sér trú á eigin getu, sjálfsaga og þrautseigju. Þeim eru skapaðar góðar aðstæður til að styrkja félagsfærni sína og líkamlegt heilbrigði. Leiðir að því markmiði er dagsskipulag leikskólans sem er ákveðinn rammi en innan hans er sveigjanleiki, þar sem sífellt endurmat er í gangi. Með því er leitast við að bæði starfsfólk og börn grípi hugmyndir og tækifæri í dagsins önn og vinni með þau og þrói.

Mikil umhyggja, gleði, húmor og samkennd einkennir starfsandann í Tjörn. Viðhorf allra starfsmanna er að börn læra í gegnum leik. Starfsfólk fær tækifæri til að nýta eigin styrkleika og nær þannig að blómstra í starfi. Einkunnarorð Tjarnar eru þau gildi sem við stöndum fyrir og eru grunnurinn að daglegu starfi okkar. Þegar einkunnarorð Tjarnar voru valin var horft til tveggja þátta, þ.e. sjálfsmyndar og félagsfærni barnanna. Einkunnarorð Tjarnar eru **frumkvæði, vinátta og gleði**.



Frumkvæði: ýtir undir skapandi hugsun og gerir börnum kleift að leita sjálf lausna í þeim verkefnum sem þau fást við hverju sinni. Það er hlutverk kennara Tjarnar að styðja, hvetja og styrkja samskipti barna og sjá til þess að þau fái tækifæri til að efla sjálfstæði sitt og frumkvæði í öllu starfi innan skólans. Börnin fá tækifæri til þess að læra á eigin forsendum í sinni leit að þekkingu. Kennarinn ýtir undir forvitni og áhuga barnanna. Kennarinn hlustar á börnin og grípur hvert tækifæri til þess að fara í rannsóknarleiðangur með þeim og uppgötva.




Vinátta: samkennd, góð samskipti, samhjálp og samvinna eru þættir sem við viljum kenna okkur við. Skólinn leggur mikla áherslu á vináttu og náungakærleik og höfum það að leiðarljósi að við erum ekki öll steipt í sama mót. Við fylgjumst vel með leik barna og notum skráningu til að skoða samskipti barnanna á milli. Við hvetjum börnin til að tjá tilfinningar sínar í orðum, einnig að setja sig í spor annarra. Til þess notum við meðal annars félagsfærni sögur.



Gleði: öll börn eiga rétt á að vera hamingjusöm og við viljum móta allt okkar starf í anda þess. Kennarar í Tjörn tileinka sér jákvæðni og eru góðar fyrirmyndir með því að eiga góð samskipti við börnin og fullorðna. Kennarar tileinka sér að sjá gleðina í hverju barni.

Á tíu ára afmæli skólans unnu börnin verkefni í því skyni að búa til kennileiti fyrir Tjörn. Uglan varð fyrir valinu, hún var teiknuð af fjögurra ára stelpu: Uglan vakir yfir okkur í öllum regnbogans litum sem er lýsandi fyrir okkar samfélag.





STARFSLÝSINGAR

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans, ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á uppeldisstarfi leikskólans og sér til þess að starfsemi fari fram í samræmi við lög og reglugerðir.

Aðstoðarleikskólastjóri vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og að skipulagningu leikskólans og að skipulagningu uppeldisstarfsins. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra.

Deildarstjóri ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á sinni deild.

Í stjórnendateymi Tjarnar eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri. Mikilvægt er að þessir aðilar myndi öflugt teymi um velferð og nám barna. Kennarar skólans gegna lykilhlutverki í öllu starfi skólans, þeir móta starfið og taka ákvarðanir um innra skipulag. Stjórnendateymið sér um að nýta allan mannauð skólans þannig að hver og einn blómstri í starfi. Stjórnendateymi skólans fundar einu sinni í viku á mánudögum, þá er farið yfir innra starf og hagnýt atriði.

Fagfundir eru einu sinni í mánuði, þá er farið yfir matsböð og áætlunargerð. Deildarfundir eru einu sinni í mánuði. Þá eru málefni hverrar deildar rædd. Starfsmannafundir eru á starfsdögum og þá er farið yfir helstu áherslur í starfi og hvernig gengur að fylgja þeim eftir.

Ábyrgðarmaður sérkennslu hefur yfirumsjón með sérkennslu, situr fundi með sérfæðingum og sinnir sérkennslu á deildum. Sérkennari vinnur náið með sérkennslustjóra og öðrum starfsmönnum skólans

Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun barnanna og skipuleggur faglegt starf undir stjórn deildarstjóra. Leikskólaleiðbeinendur A og B taka þátt í uppeldi og menntun barnanna undir stjórn deildarstjóra. Leikskólalíði, leiðbeinandi og starfsmaður 2 taka þátt í uppeldi barnanna undir stjórn deildarstjóra.

Yfirmaður í eldhúsi ber ábyrgð á eldhúsi, gerð matseðla, innkaupum og matartilbúningi.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári. Starfsþróunarsamtal er vel undirbúið, skipulagt og uppbyggjandi trúnaðarsamtal yfirmanns og starfsmanns. Þá býður leikskólastjóri viðkomandi starfsmanni á kaffihús og fer yfir umræðupunkta sem starfsmaður/kennari hefur fengið upp í hendurnar nokkru áður en samtalið fer fram.

Fjöldi starfsmanna ræðst af aldri barnanna og sérkennsluþörf hverju sinni, að jafnaði starfa tuttugu og fimm manns í húsunum samanlagt. Í leikskólanum eru áttatíu og tvo börn á aldrinum tveggja til sex ára. Deildir skólans eru fjórar og heita Tjörn, Lækur, Melhús og Miðhús.





HUGMYNDAFRÆÐIN OG ÁHERSLUR Í STARFI

Loris Malaguzzi (1920-1994) var hugsuðurinn og hugmyndasmiðurinn á bak við Reggio Emilia stefnunna. Hann var kennari í ítölsku borginni Reggio Emilia og lærði seinna sálfræði. Hann sagði að börn hefðu „hundrað mál” og það ætti að hvetja börnin til að nota öll sín skilningarvit og þá hæfileika sem þau búa yfir. Til þess að börn geti tjáð sig þurfa þau verkefni til að vinna úr og festa í minni reynslu sína. Hann sagði að leikskólinn ætti að vera lifandi staður í stöðugri þróun, þar sem börn og fullorðnir gætu verið í góðu sambandi hvert við annað. Leikskólinn á að vera í stöðugri þróun líkt og samfélagið.

Leikskólinn Tjörn byggir starf sitt á hugmyndafræði Reggio Emilia skólana. Það sem einkennir Reggio skólana er fyrst og fremst trú á getu barna, og trú á að þau hafi vit og vilja til að taka þátt í og móta það starf sem fram fer í skólanum. Þessi hugsun rímar vel við nýja Menntastefnu Reykjavíkur, þar sem leiðarljós stefunnar er – **barnið sem virkur þátttakandi.**


Í því ljósi var lögð áhersla á að eiga faglega gagnrýna umræðu til að móta skólastarf Tjarnar við sameiningu leikskólanna tveggja. Með því skapaðist sameiginleg sýn og viðhorf til stefnu skólastarfsins sem er í sífelldri þróun og endurskoðun ásamt því að hugmyndafræðin hefur dýpkað. Við viljum kenna okkur við hugmyndafræði Reggio Emilia sem rímar vel við aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Reykjavíkur.

STÖÐVAVINNA / VERKSTÆÐISVINNA

Í Tjörn er útfærslan á eftirfarandi hátt; Unnið er í svokallaðri verkstæðisvinnu/stöðvavinnu - þá geta börnin valið sér verkstæði eftir áhuga sínum. Allur efniviður er sýnilegur og aðgengilegur fyrir börnin. Börnin eru þátttakendur í að móta það sem gert er. Talað er um þrjá kennara, það er barnið sjálft, hinn fullorðni (kennari og foreldri) og umhverfið. Umhverfi leikskólans er skapandi og áhersla að örva fegurðarskyn og áhuga barnsins. Miklar heimspekilegar áherslur eru í starfinu og mikið er lagt upp úr samræðum, vangaveltum og þekkingarleit er í hávegum höfð. Þetta rímar vel við eftirfarandi úr nýrri menntastefnu:

„Sjálfsfelling byggir á sjálfsaga og prautseigju. Sjálfstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019)



Stöðvavinna eða verkstæðisvinna fer fram fjórum sinnum í mánuði, á föstudagsmorgnum. Öll börnin í leikskólanum taka þátt, nema þau allra yngstu framan af vetri, þau fara í könnunarleik eða önnur verkefni sem hæfa þroska þeirra og getu. Allt upp í níu vinnustöðvar eru skipulagðar um allt hús, börnin velja sér hvað þau vilja gera og koma sjálf með hugmyndir að stöðvum, þau geta skipt um svæði eftir því sem hugur þeirra stendur til.

Kennarar og börnin undirbúa verkefnið, kennarar velja þau í samráði við börnin og lesa í áhuga þeirra og spyrja þau, hvað þau vilja gera. Svokallaðir stöðvarstjórar koma að skipulagningu fyrir hönd barnahópsins og hjálpa til við skipulagningu og undirbúning. Verkefnið eru alls konar; skapandi starf, leikur, rannsóknir o.m.fl. Þau eru mjög fjölbreytt, stundum árstíðarbundin eða tengd hefðum leikskólans. Úrvinnsla barnanna er einstaklingsbundin og getur verið afar mismunandi.



Stöðvavinna/verkstæðisvinna er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans og byggir á lýðræðislegri þátttöku barnanna og skapar svigrúm fyrir einstaklinginn að uppgötva áhuga sinn og getu. Lýðræði skipar stóran sess í stöðvavinnu, barnið velur hvað það vill gera og þar er mikil samvinna. Með samvinnu bæði milli barnanna sem og milli barna og fullorðinna fæst dýpri og betri þekking og skilningur á viðfangsefnum heldur en ella.

Börnin vinna saman þvert á aldur. Fyrirmyndir skipta máli í námi barna og við aldursblöndunina verða til fleiri fyrirmyndir. Yngri börnin læra af þeim eldri og leita eftir stuðningi þeirra. Eldri börnin læra að kenna, setja sig í spor annarra og fá tækifæri til að upplifa sig sem leiðtoga. Börnin fá þannig öðruvísi námstækifæri en eru til staðar þegar þau starfa innan síns aldurshóps.

Vinna barnanna er skráð, bæði með ljósmyndum og skráningu á komu barnanna á vinnusvæðin. Með þess konar skráningu fá kennarar verkfæri til að meta starfið, áhuga barnanna og virkni þeirra.



LÝÐRÆÐI, JAFNRÉTTI OG MANNRÉTTINDI

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram í 12. grein að börn eigi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé tillit til þeirra.

„Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttmæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.“

(Aðalnámskrá leikskóla 2011)

„Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni.“

(Menntastefna Reykjavíkur, 2019)

Markmið Tjarnar er að vera vettvangur þar sem leggja skal áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag.

Samvinna og vinátta barnanna stuðla að hæfni þeirra til að taka lýðræðislegar ákvarðanir. Í leik verða börn að læra að skiptast á og gefa eftir en einnig að standa fast á eigin hugmyndum. Þau læra að hlusta á aðra og virða skoðanir annarra, jafnframt með því að læra að takast á við vandamál og leysa ágreining.

Í Tjörn vinnum við saman að sameiginlegum markmiðum þ.e. foreldrar, börn og kennarar með umhyggju og víðsýni að leiðarljósi. Kennarar styðjast við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við innramat á skólastarfi í Tjörn á þessum þætti er Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna notaður til hliðsjónar. <https://barnasattmali.is/>

Leiðir: Tjörn leggur áherslu á að börnin fái tækifæri til að þroskast og dafna í umhverfi þar sem ríkir réttlæti og virðing fyrir öllum. Sjá Jafnréttisáætlun á heimasíðu skólans. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar eins og að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig, það er mikilvægt að þau fái hlutverk í daglegu starfi eins og við gerum með því að velja um sjónarmenn vikunnar, þeirra hlutverk er að leggja á borð og hjálpa við frágang. Börnunum er treyst til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra. Viðfangsefnin eru krefjandi en taka mið af færni hvers barns.

Með því verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þannig læra börnin að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir. Þau fá jafnframt tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan og friðsaman hátt, gleðjast með öðrum og að lifa í sátt við sig sjálf og umhverfi sitt. Við erum mjög vakandi fyrir því að gera ekki upp á milli kynjanna eða annarra hópa. Allir hafa sömu tækifæri.



Samræður barna og kennara:

Kennari: „Hvað finnst ykkur skemmtilegt að gera í leikskólanum?“
Svör: „Þegar við fáum að velja – gaman að kjósa um grjónagraitinn.“



VAL

Eitt af föstum liðum í Tjörn er að fara í val. Þá velja börnin sér viðfangsefni og félagar sem gefur þeim kost á fjölbreyttum verkefnum og nýttist húsnæði og búnaður skólans vel. Valið í Tjörn er útfært þannig að annars vegar í samveru ákveða börnin með kennurum sínum hvaða viðfangsefni verða í boði. Hins vegar snýst valið um að velja rými og svo ákveður hópurinn sem velur sama rýmið hvaða verkefni/leikefni eru notuð. Sem dæmi má nefna einingakubba, dúkkukrók, að perla, púsla, spila, lesa bækur og allt sem þeim dettur í hug. Þetta er einnig liður í lýðræðislegum vinnubrögðum í Tjörn. Áhersla er lögð á að börnin læri í gegnum leikinn og kennari geti fylgst með og stutt þannig við þeirra nám.



HÓPAVINNA

Hópastarf er mis oft í viku, það fer eftir deildum og tímabilum hversu oft það er. Markmið hópavinnu er að efla félagsfærni barnanna. Í hópavinnu læra börnin í litlum hópum að þekkja hvert annað og treysta. Það er grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Þau læra einnig að taka tillit til annarra, samkennd þeirra eflist og börnin læra að vinna sem heild að sameiginlegu markmiði. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska og eru verkefni/vinnan miðuð við hvern aldur. Við förum t.d. í vettvangsferðir, myndlistakennslu, tónlistarstund, jólgastund, málörvun og framsögn, einingarkubba. Hópastarf er skráð niður og foreldrar geta rýnt í skráninguna þar sem hún er sýnileg við hverja deild. Markmiðin eru að börnin:

Læri að vinna saman í hóp og taka tillit til hvers annars.

Fái tækifæri til að vinna saman að fjölbreyttum verkefnum.

Fari eftir reglum sem þau setja ásamt kennara, þjálfist í að rökstyðja mál sitt og beri virðingu fyrir skoðunum annarra.

Elstu börnin setja sér markmið.

Öðlist öryggi innan hópsins og læri að takast á við verkefni sem lögð eru fyrir.

LEIKUR OG NÁM

„Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)




Í dagskipulagi allra deilda innan skólans fær frjálsi leikurinn gott vægi og kennarar sjá til þess að skapa aðstæður þannig að börnin fái tækifæri til þess að upplifa og kanna af eigin raunmeð því að örva sjálfstæða hugsun og ýta undir ímyndunarafi barnanna.

Það er leikur að læra.

„Leikurinn á að vera sjálfsprottin skapandi athöfn þar sem börnin geta gleymt öllu öðru. Í leikskólum er leikurinn í allri sinni fjölbreytni þungamiðjan í starfinu. Hann er bæði markmið og leið í uppeldisstarfinu. Í leik eflist alhliða þroski barna, þá er átt við líkamlegur, tilfinningalegur, vitsmunalegur, félagslegur, siðgæðislegur og fagurfræðilegur þroski”

(Valborg Sigurðardóttir, 1991:109)



Leikur í fjölbreyttri mynd er kjarni leikskólustarfsins, enda viðurkenndur sem mikilvæg náms- og þroskaleið.

Í leiknum fara börnin í hin ýmsu hlutverk og læra þannig í gegnum leikinn að skilja veröldina í kringum sig. Þau afla sér þekkingar, þjálfar ýmsa færni og vinna úr eigin reynslu. Í leik með öðrum börnum styrkist félagsfærni þeirra og sjálfsmýnd, leikreglur lærast og vináttubönd skapast. Leikur barnanna er sjálfsprottinn og það er leikurinn sjálfur sem veitir þeim ánægju, ekki afköst eða árangur.

Í skynfæra- og hreyfileikjum þjálfar barnið líkama sinn og skerpir skynjun sína. Hlutverka- og þykjustuleikir efla m.a. félagsþroska barna, málþroska og samskiptafærni. Regluleikir, leikir með leikreglum byggja annars vegar á skynhreyfifærni, t.d. kapphlaupi og boltaleikjum og hins vegar á vitsmunalegri leikni, t.d. spilum. Með sköpunar- og byggingaleikjum örvum við t.d. formskynjun, rökhugsun og hugtakaskilning.

Í Tjörn hafa börnin aðgang að einingakubbum (Unit-blocks). Kubbarirnir voru hannaðir af barnakennaranum Caroline Pratt í New York í byrjun síðustu aldar. Kubbarirnir eru gerðir úr gegnheilum hlyni og ganga stærðfræðilega hver upp í annan. Hugmyndafræðina sótti hún til John Dewey, uppeldisfrömuðar en þau voru sammála um að námið væri árangursríkast þegar barnið sjálf ræður för. Vinnan með kubbana örvar alla þroskaþættina.

Börnin fá að njóta sín sem hönnuðir, sögumenn, vísindamenn, stærðfræðingar og listamenn, þegar þau leika með þennan efnivið, sem við köllum opin; þar sem börnin eru algerlega frjáls í leiknum.

Einnig erum við með holukubba (e. hollow blocks) í salnum. Þeir eru í sömu hlutföllum og einingakubbarirnir, nema margfalt stærri. Þar njóta börnin þess að vera í hlutverkaleik og bæta við ýmsum viðbótarefnum, t.d. efnisbútum og figúrum. (I Learn from Children: An Adventure in Progressive Education Paperback – June 24, 2014 by Caroline Pratt (Author), Ian Frazier (Introduction))



Í Tjörn höfum við innleitt Könnunarleikinn. Hann byggist upp á því að alls konar verðlausu efni er safnað saman í t.d. taupoka. Þessir hlutir eru ekki leikföng í eiginlegum skilningi, en verður börnunum engu að síður spennandi leikefni. Hér getur verið um að ræða dósaloð, mismunandi plastílát, járnílát, fallegt gler, lykla, lyklakippur, tölur, tvinnakefli, trébúta, steina, efnisbúta, leður og skinnbúta. Hlutirnir eiga gjarnan að hafa mismunandi áferð og lögun og vera úr margs konar efni. Könnunarleikurinn er ákveðin aðferð í leik sem byggist á rannsóknarpörf barna. Undirstaða rannsókna þeirra er fyrst og fremst þeirra eigin forvitni og skynjun, umhverfið er skipulagt á tiltekinn hátt. Þannig að það styðji við og ýti undir könnunarpörf barnanna.

Leikurinn fer þannig fram að starfsmaður setur þokann fyrir börnin og síðan eru hlutirnir skoðaðir og settir saman að vild. Kennarinn er með börnunum og er virkur í leikferlinu, en leiðir það ekki. Börnin flokka, raða, fylla, tæma, kíkja í gegnum, kíkja ofan í, hlusta, sjá og þreifa. Börnin velja og hafna, þau þroska skynfæri sín og bæði fínar og grófar hreyfingar.

Í samtali um hlutina læra börnin hugsun, mál og hugtök. Kennarinn æfir sig í að vera námsmaður með ungum námsmönnum. Kennarinn getur gjarnan nefnt hlutina fyrir börnin og sett orð á athöfn þeirra. Kennarinn getur líka notað tækifærið og skráð leik barnanna með ljósmyndun og/eda texta.

Á ensku er talað um „heuristic play”. Heuristic er dregið af gríska orðinu „euris” sem þýðir að uppgötva eða öðlast skilning. <https://www.communityplaythings.co.uk/learning-library/articles/heuristic-play>

Markmið Tjarnar er að börnin upplifi fjölbreytileika lífsins og kynnist nærumhverfi skólans.

Vettvangsferðir eru í dagskipulagi skólans á öllum deildum. Farið er í allskonar ferðir og gjarnan er lesið í áhuga barnanna. Stundum er haldið af stað og ekki fyrirfram vitað hvert er haldið. Hér sitjum við í vöggum menningar og stutt í öll listasöfn og hinar ýmsu stofnanir og garða. Kennarar nýta sér það. Fylgst er með árstíðaskiptum eins og t.d. þegar lafin detta af trjám, þegar fyrsti snjórinn kemur og þegar blómin vakna eftir vetrardvala er farið út og rannsakað. Eftir vettvangsferðir er farið í listaskála eða önnur rými og unnið með efnið á mismunandi vegu.

Flakkaferðir eru ferðir sem elsti árgangur leikskólans fer í eftir útskrift. Daglegar ferðir eru með hópinn jafnt stuttar sem langar. Heimsóknir eru fjölbreyttar og í lengri ferðum er nesti tekið með. Börnin heimsækja nærumhverfi en einnig er farið með strætó t.d. í Elliðaárdalinn, Laugardalinn og á söfn. Sumarferðir eru farnar vikulega frá júní til ágúst.



Námssviðin eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Hugmyndir að baki grunnþáttum eiga að endurspegla í öllu námi barna þannig að það taki mið af barninu sjálfu, þroska þess og getu.

Námssvið skólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Tjörn notar fjölbreyttar aðferðir til þess að samþætta námssviðin og taka mið af sex grunnþáttum menntunnar sem byggja á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum.

„Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019)



SKÖPUN OG MENNING

„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna, skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Barnamenning er samofin öllu starfi sem fram fer í leikskólanum Tjörn. Myndlist er stór hluti af starfi okkar. Við tókum þátt í þróunarverkefni með Myndlistarskóla Reykjavíkur fyrir nokkrum árum. Það samstarf hefur skilað sér á veggi skólans og litað allt okkar starf. Myndsköpun fer fram dag hvern í vali, hópatímum, verkstæðisvinnu og frjálsum leik.

Tónlist er einnig stór þáttur í leikskólastarfinu og er sungið á öllum deildum daglega. Söngurinn er endalaus uppspretta gleði og fróðleiks. Söngurinn eykur orðaforða og eflir því málþroska. Tónlistin, bæði hlustun og iðkun ýtir undir jákvæð samskipti og samkennd. Í Tjörn er unnið með spuna, þulur, sögur og ævintýri á hverjum degi. Einnig tengjum við saman tónlist, dans og myndlist.

„Þetta var svo fallegt að ég fékk tár í augun“

(Í tónlistarstund – Hlustað á Karníval dýranna (Svaninn))



Meginmarkmið Tjarnar er að bjóða upp á umhverfi þar sem sköpunarkrafturinn fær sem best notið sín.

Það er gert með því að:

Kennarar leggja áherslu á sjálft sköpunarferlið sem er mikilvægt fyrir alhliða þroska og gleði hvers barns.

Barnið lærir að þekkja sjálft sig í gegnum skapandi vinnu.

Notaður er opinn efniviður og fjölbreyttur, þar sem lausnirnar eru ekki endilega gefnar fyrirfram.

Kennarar efla frumkvæði og sjálfstraust barnsins með því að fara í rannsóknarleiðangra og við nýtum okkur vettvangsferðirnar sem innblástur.



Myndlistarskáli í Tjörn er vel búinn tækjum og efnivið, þar gefst börnunum kostur á að kynna ólíku efni og aðferðum. Einnig er greiður aðgangur að ritföngum og allskonar efnivið á þeim deildum sem eldri börnin dvelja. Myndsköpun fer fram bæði innanhúss og utandyra í Tjörn og nýtum við allt endurnýtanlegt efni sem til fellur í skólanum og náttúrunni. Lögð er áhersla á að barnið skapi sjálft á eigin forsendum.

Tónlist er stór þáttur í Tjörn á hverjum degi er sungið á hverri deild. Lögð er áhersla á fjölbreytt lagaval. Farið er í skipulagðar tónlistarstundir vikulega. Börnunum er kynnt margskonar tónlist frá ýmsum löndum með því að hlusta, dansa og nota hljóðfæri. Sameiginleg söngstund allra deilda er á föstudögum

„Þessi er tónskáld eins og Frank Zappa“

(Þegar nemandi gekk framhá styttunni af Tómasi Guðmundssyni (sem er fyrir framan Tjarnarborg)



LÆSI OG SAMSKIPTI

„Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Samskipti eru okkur hugleikin - Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfelld lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barn að læra umburðarlyndi í samskiptum og í samneyti við aðra. Það þarf að læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu annarra. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslegum samskiptum og samstarfi síðar í lífinu. Börnin læra að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barna eftt og styrkt.

Læsisstofna Tjarnar byggir á læsisstofnu Reykjavíkurborgar „lesið í leik“ og aðalnámskrá leikskóla. Segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið og markvisst er unnið að því að efla málvitund barnanna. Málrækt fer fram í samræðum og við hlustun. Í Tjörn er lögð áhersla á að máluhverfið sé krefjandi og hvetjandi og að málið sé notað í öllu daglegu starfi. Hugtakið læsi er ekki eingöngu notað yfir lestur. Það er talað um þekkingu og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt á sem víðastan hátt. Notuð eru hugtök eins og tilfinningalæsi, talnalæsi, menningarlæsi, umhverfislæsi og stafalæsi. (sjá læsisáætlun Tjarnar (tjorn.is).



„Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu“

(Menntastofna Reykjavíkur, 2019)

Markmið Tjarnar eru

Að börnin læri að lesa í umhverfi sitt og menningu, séu virkir þátttakendur í samfélaginu og kunni að taka lýðræðislegar ákvarðanir.

Að börnin geti skilið að ritað mál og tákn hafi merkingu.

Að börnin verði læs á sínar tilfinningar og annarra og geti tjáð skoðanir sínar

Að börnin umgangist bækur af virðingu og njóti þeirra.

Að börnin kynnist notkun ólíkra miðla í leik og námi.

Leiðir: Framsögn og tjáning í samverustundum sem eru nokkrar á dag. Við grípum skemmtilegar sögur, gullkorn til þess að setja af stað heimspekilegar samræður. Síðan eru þessar þælingar skráðar niður og geymdar í ferlimöppu barnsins.

Lestur í litlum hópum í samverustundum. Við leikum okkur með orðin í margvíslegu formi og lærum rím, þulur og ljóð.

Einnig er lögð áhersla á sjónrænt skipulag sem auðveldar börnunum að lesa í umhverfið sitt með sjónrænum vísbendingum.

Börnin fara reglulega á Borgarbókasafnið til þess að sækja nýjar bækur sem eru gjarnan í tengslum við verkefni sem er verið að vinna með. Það er bein tenging við okkar hugmyndafræði (Reggio Emilia), þ.e. að vinna með þemu.

Einingarkubbar, þar er unnið t.d. með rúmfræði

Umhverfislæsi snýst um að æfa börnin m.a. í gönguferðum í nærumhverfinu og lengri ferðum. Vettvangsferðir eru inni í dagskipulagi hvernar deildar.

Stafrófið er sýnilegt á öllum deildum. Ritmál og bókakrókar eru á öllum deildum, sem eru aðgengilegir öllum og mikil áhersla lögð á að börning geti skoðað bækur í rólegu umhverfi.

Menningarlæsi þjálfast t.d. í listsköpun, í tengslum við hefðir og hátíðir, í ferðum á listasöfnin og á leiksýningum. Sjá nánar í kafla um menningu.

Við styðjumst við „Einn leikskóli – mörg tungumál“ (sem er leiðavísir í skráningu á framförum barna í íslenskum öðru máli).

Eins höfum við tileinkað okkur „Gefðu 10“ þar sem allir starfsmenn eru mjög meðvitaðir um mikilvægi þess að leggja orð á allt sem við gerum með börnunum og ef að barnið kemur með eitthvað orð á íslensku setjum við það inn í setningu þannig að barnið heyri hvernig eigi að nota það í setningu.

Markmiðið er að fá barnið til að nota setningar með sífellt fleiri orðum í samskiptum. Þetta er almennt gert með öllum börnum hér í skólanum því að þegar hinn fullorðni á frumkvæði af samskiptum við barnið fær það fleiri jákvæð og málörvandi tækifæri í leik og frjálsum aðstæðum.

<https://menntastefna.is/tool/gefdu-tiu/>



„Samtöl og samskipti við börn í leik út frá áhugasviði þeirra og reynslu eru líklegri til að ýta undir tjáningu þeirra og frásagnargleði en samtöl við barnahópa í skipulögðu starfi sem stýrt er af kennara.“

(Lesið í leik, læsisstefna leikskóla, 2013)

-þetta viljum við tileinka okkur alla daga hér á Tjörn-

blaðsíða 32 - Læsi og samskipti

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

„börn læra í gagnvirkum samskiptum samskipti við umhverfi sitt. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Í Tjörn er unnið með viðhorf – Kennarar og börn flokka pappír og plast. Við notum efnisveitu í listkennslu sem inniheldur fjölbreyttan margnota efnivið. Skapandi efnisveita er áskorun fyrir samfélagið og leikskólann í umhverfismálum.

Skapandi efnisveita getur orðið auðlind, þar sem hún leggur áherslu á , frumkvæði og nýja leið til þess að tengjast umhverfishyggju og sköpun nýrra hluta.

„Pað er að blanda saman litum og vatni – gjósandi eldfjall“

„Smásjá og svona glös“

(Samræður barna og kennara: Hvað eru vísindi?)

Markmið

Markmið með sjálfbærni í Tjörn er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig, skipta máli, í nútíð og um alla framtíð.

Hugtakið sjálft er stórt og yfirgripsmikið og með því að nota orðfæri sem tengist því eins og t.d. „að fara vel með“ eða „nota aftur“ tökum við fyrstu skrefin í menntun barna til sjálfbærni.

Í Tjörn lærum við nægjusemi og við lærum að ganga vel um náttúruna og nánasta umhverfi okkar. Kennarar og börn tengja við hvornig við sjálf berum ábyrgð með því að skoða og undrast og læra að bera virðingu fyrir lífi.



Leiðir:

Að láta hlutina endast og lærum að fara vel með leikfni og bækur. Nýting á verðlausu efni hefur alltaf verið hluti af leiknum og við viljum finna möguleika í sem flestu til skapandi starfs með börnunum.

Flokkun og endurvinnsla hefur lengi verið fastur liður sem allir taka þátt í og umbúðasöfnun er haldið í lágmarki í innkaupum leikskólans.

Kennarar ýta undir eðlislæga forvitni barna, ígrundun þeirra og vangaveltur.

Kennarar hvetja börnin til að skoða og rannsaka og ekki síst fá þau hvatningu til að spyrja spurninga. Þannig ýtum við undir vísindalega hugsun og að börnin kveikja sjálf á því að sjá tengsl, orsök og afleiðingu sem styrkir skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Vettvangsferðir eru fastir liðir í starfsemi allra deilda – Í stöðvavinnu/verkstæðisvinnu er mikið unnið með ljós og skugga, vatn, spegla og allskonar efni sem hægt er að tengja við bæði efnafræði og eðlisfræði.



HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

„Í skólanum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Daglegt líf í leikskólanum markast mjög af venjubundnum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barnanna og heilsu. Hlýleg, ábyrg og hvetjandi kennsla er grundvallarforsenda þess að barnið geti verið hamingjusamt og leikið sér og lært í leikskólanum.

Markmið

Markmið er að í Tjörn læra börn um hollt mataræði, gildi hvíldar, hreinlæti, hreyfingar og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Leiðir:

Í matartímanum eru öll börn hvött til þess að skammta sér matinn sjálf og ganga frá eftir matinn. Umsjónarmenn vikunnar leggja á borð og bjóða börnunum að ganga til borðs. Þetta er liður í að efla sjálfsmynd hvers barns.

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í skólanum er hreyfiþörf virt og örvuð og börn læra að þekkja og skynja líkama sinn.

Útinámið gegnir stóru hlutverki í hreyfingu barnanna í Tjörn. Í útiveru notum við opinn efnivið eins og t.d. pappakassa, plaströr sem má nota á margskonar vegu – börnin fá þar útrás fyrir ímyndunarafli sitt. Farið er reglulega í vettvangsferðir, lengri og styttri og fá börnin mikla þjálfun með því.



Í útiveru er markmið að efla úthald, grófhreyfingar, samhæfingar, liðleika og styrk.


„Í skólanum, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Svefn og hvíld er börnum mikilvæg í erli dagsins. Hegðun barnanna, heilsufar og lífsþróttur mótast mjög af því hversu vel og reglulega þau sofa og hvílast í dagsins önn. Eftir hádegismat fara öll börn í hvíld og fá þá hvíld og slökun sem þau þurfa. Yngstu börnin leggja sig, eldri börnin fara í sögustund eða jógastund. Einnig geta öll börn farið í bókakrókinn sem er útbúinn þannig að gott er að hvíla lúin bein með bók í hönd.

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barna. Yngstu börnin í skólanum eru að læra að halda sér hreinum og þurrum. Mikilvægt er að gæta þess að það ferli gangi vel og jákvætt fyrir sig og fari fram í fullu samráði við foreldrana. Hreinlætis er gætt í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu og eru salerni og skiptiaðstaða sótthreinsuð a.m.k. daglega. Fyrir yngri börnin eru salernisferðir á vissum tímum. Hins vegar eru eldri börnin hvött til að fara á salerni t.d. fyrir og eftir útiveru, vettvangsferðir og matartíma en annars fá þau sjálf að meta þörfina og læra þannig að nota salernið í samræmi við þarfir sínar. Börnin þvo sér um hendur eftir salernisferðir og fyrir matartíma. Á yngri deildunum er börnunum þvegið um andlit og hendur eftir máltíðir og þau eldri hvött til að gera það sjálf.



Í 31. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir: að börn eigi rétt á hvíld sem hæfir aldri þeirra.

HEFÐIR / MENNING

„Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í Tjörn hafa myndast ákveðnar hefðir sem er mikilvægt fyrir hvern skóla. Þær eru límið sem heldur öllu saman.

Í Tjörn (Tjarnarborg) er starfrækt Gallerí tafla. Þar sem margir foreldrar og starfsmenn Tjarnar-barna eru í listgeiranum fannst okkur tilvalið sem lið í foreldrasamstarfi að gera okkur sýnileg í inngangi leikskólans þar sem allir fara um á hverjum degi og stofnuðum því lítið gallerí á gamalli töflu sem hefur hangið á veggnum í langan tíma. Þá hlaut þessi lúna tafla nýtt líf og Gallerí tafla opnaði með pompi og prakt föstudaginn 13. janúar 2006. Síðan þá hafa verið sýningar reglulega til dagsins í dag. Allt er skráð mjög ítarlega.

Í Tjörn (Öldukoti) hefur myndast sú hefð að syngja einu sinni í mánuði fyrir eldri borgara á Landakoti. Börnin taka þátt í að velja lögin sem þau syngja og oft tekur gamla fólkið undir. Heimsóknirnar hafa verið ánægjulegar fyrir alla aldurshópa og tengja saman nágranna.

Myndlistasöfn eru heimsótt reglulega og ár hvert er farið á útskriftarsýningu hjá Listaháskólanum.

Á haustin er elsta árgangi leikskólans boðið á leiksýningu í Þjóðleikhúsinu. Sýningarnar eru barnasýningar að hæfilegri lengd sem höfða vel til elstu barnanna.

Einnig nýtum við okkur staðsetninguna og förum reglulega á Borgarbókasafnið.

Á hverjum vetri býður Sinfóníuhljómsveit Íslands elstu börnunum á tónleika í Hörpu.

Við höldum upp á dag íslenskrar tungu 16. nóvember ár hvert, sem er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Við förum með þulur og kvæði eftir Jónas og leikum okkur með tungumálið okkar.

Í desember fara elstu börnin í heimsókn í Árbæjarsafn og kynnast jólahefð Íslendinga í gengum tíðina.

Á þorranum förum við í Þjóðminjasafnið og rýnum í þjóðlega hætti og fögnum komu hans með þorrablóti. Á bóndadaginn vekjum við fornar sýnir, setjum upp víkingahatta og þjóðlegar skotthúfur og mætum gjarnan í lopapeysum. Söngstund í sal er tileinkuð þorrablótinu og þorramatur er svo borðaður við langborð. Einnig hefur hefð myndast fyrir því að hvert barn fær nýtt nafn eins og t.d. Auður djúpúðga, Frigg, Hrafna-Flóki, Bárður Snæfellsás, Baldur hinn hvíti, Hallgerður langbrók, Þórunn hyrna og Puríður sundafyllir.

Hefð er fyrir því að setja fjölmenningu í kastljósið í febrúar. Við höfum kallað það fjölmenningu í febrúar.

Á öskudag klæðum við okkur í furðuföt og búum til karnival stemningu. Kötturinn er sleginn úr tunnunni og slegið upp balli. Elstu börnin í leikskólanum hafa undirbúið þessa skemmtun með sínum kennara.



Á vordögum heimsækir Umferðarskólinn elstu börnin.

Samstarf er við grunnskóla hverfisins, Vesturbæjarskóla.

Í sumarbyrjun er farið í sveitaferð á vegum skólans. Allir foreldrar eru velkomnir með og hefur myndast sterk hefð fyrir því.

Á vorin útskrifast elstu börnin með formlegum hætti, þá foreldrum boðið í útskriftarveislu. Síðan er farið í útskriftarferð út í Viðey með nesti og nýja skó og eyjan skoðuð.

Sumarhátíð er haldin árlega á vegum foreldrafélagsins.



„Með því að byggja á menningarstarfi samfélagsins og árangri á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, lista, íþróttá, jafnréttis og forvarna er skapaður frjór jarðvegur fyrir framúrskarandi menntun í skóla og frístundastarfi.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019)

SÉRKENNSLA

„Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum. Það getur verið vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Miða skal leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins og vinna í nánú samstarfi við foreldra. Stefna skal að því að þörfum barns fyrir stuðning sé mætt innan barnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins.“

(Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, 2009)



Í leikskólunum Tjörn er unnið samkvæmt hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar þar sem lögð er áhersla á að unnið sé markvisst eftir viðurkenndum aðferðum til þess að hægt sé að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma á lífsleiðinni og unnt er. (Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, 2009).

Þannig að öll börn fái jöfn tækifæri í leik og námi og fái íhlutun og þann stuðning sem þau þurfa til að vera virkir þátttakendur í leikskólasamfélaginu.

Ef grunur leikur á fráviki í þroska hjá barni er í samráði við foreldra haft samband við sérfræðinga um frekari ráðgjöf. Fagleg ráðgjöf kemur frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða. Þar höfum við aðgang af ýmsum sérfræðingum s.s. sálfræðingum, sérkennsluráðgjöfum, hegðunarráðgjafa og talmeinafræðingum. Þeir koma inn og aðstoða okkur við áframhaldandi vinnu með börnunum ásamt foreldrum, og hitta okkur á teymisfundum eftir atvikum. Einstaklingsnámskrár/ Markmið eru unnar í samvinnu við sérkennslustjóra og eru nýttar sem leiðarvísir í kennslu barnanna og uppfærðar reglulega en þar starfa félagsráðgjafi, sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi. Þeir aðstoða við áframhaldandi vinnu eins og gerð einstaklingsnámskrár og vinnuáætlana. Einstaklingsnámskrár eru unnar í samvinnu við sérkennslustjóra. Þær eru nýttar sem leiðarvísir í kennslu barnanna og uppfærðar eftir teymisfundi. Sérkennsla fléttast inn í daglegt starf leikskólans eins og hægt er, þannig að hún verði eðlilegur þáttur starfsins. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli foreldra, leikskóla og annarra sérfræðinga sem koma að barninu, á þann hátt vinna allir saman með velferð barnsins í huga.

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri, þar eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Hér lítum við á það sem ávinning fyrir alla að eiga fjölbreytt samfélag í leikskólanum. Leitast er við að hvert barn fái tækifæri til að vinna á sínum eigin forsendum.



„Hugmyndafræði leikskóla án aðgreiningar felst í því að margbreytileikinn er hafður að leiðarljósi og að öll börn fái jöfn tækifæri í leik og námi sé þess nokkur kostur“

(Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, 2009)

Sérkennsla snýst fyrst og fremst um viðhorf, hvaða sýn við höfum á það hvernig barnið lærir, hvernig við skilgreinum nám og síðast en ekki síst að horfa á möguleikana en ekki hindranir.

MAT

„Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Innra mat: Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans og er könnunin gerð fyrir hönd skóla- og frístundaráðs. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað þeir telja að mætti betur fara.

Í Tjörn eru þróaðar fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. T.d. eru notaðar skráningar starfsmanna, ljósmyndir, fundargerðir, námssögur, viðburðamat og mat á verkferlum. Kennarar spyrja börnin reglulega hvað þeim finnst um námsumhverfið og leikinn, sem er svo skráð með myndum, myndbandi eða ritmáli. Í foreldraviðtölum nota kennarar gjarnan spurningar og spyrja foreldra út í starfið. Áhersla er lögð á að matið endurspegli aðalnámskrá, áherslur í skólanámskrá og starfsáætlun.

Mat á námi barna er sett inn í einstaklingsnámskrá hvers barns og farið yfir með foreldrum í foreldraviðtölum. Þegar kemur að mati á börnum er stuðst við t.d. íslenska þroskalistann og HLJÓM- 2. Íslenski þroskalistinn er fylltur út af kennara og foreldrum. HLJÓM-2 er aldursbundin skimun fyrir fimm ára börn til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund þeirra. Þessi skimun getur greint þau börn sem eru í áhættu hvað varðar lestrarerfiðleika síðar meir. Einnig er stuðst við viðurkennda gátlista frá skóla og frístundasviði.



„Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Uppeldisfræðileg skráning er aðferð sem við í Tjörn tileinkum okkur þar sem hún rímar vel við Reggio Emilia stefnuna. Hún tengist einnig vel áherslum aðalnámskrár leikskóla á leik sem meginnámsleið barna og á lýðræðislegt leikskólastarf sem hefur jafnrétti að leiðarljósi.

Uppeldisfræðileg skráning er samstarfsverkefni starfsfólks sem nálgast nám barna með opnum huga. Leikskólakennarar og annað starfsfólk lærir og leitar að þekkingu í samvinnu við börnin.

Með því að nota uppeldisfræðilega skráningu við mat á námi barna og framförum er verið að virða margbreytileika mannlífsins og leggja áherslu á persónueinkenni hvers barns, hvernig það hugsar og framkvæmir. Sköpun og ímyndun barnsins eru hornsteinar í slíkri könnun.

Í Tjörn styðjumst einnig við námsögur sem ganga út á að kennarinn skráir og lýsir verkefninu, síðan er ígrundun og umræða – áætlað og ákveðið hvað er nýtt og svo er miðlað (sjá nokkur dæmi)



„Ferilmöppur er góð leið til að skrá framfarir barna í leikskólastarfi. Þær geta meðal annars sýnt ferli barnsins varðandi ritmálið frá krotstigi yfir í það að draga til stafs og skrifa orð. Þá geta fölbreyttar skráningar á samskiptum barna og frásögnum þeirra um eigið verkefni gefið sterkar vísbendingar um stöðu þeirra og þroska“

(Lesið í leik, læsisstefna leikskóla, 2013)

Í Tjörn erum við með ferilmöppur. Ferilmappan á að vera samfelld, fjölbreytt og einstaklingsmiðuð. Þegar barn byrjar fær það sína möppu sem fylgir barninu alla skólagönguna. Í ferilmöppurnar eru settar myndir eða eitthvað sem kemur að heiman og auðvelt er að setja í möppuna sem tengir við heimili barnsins. Uppeldisfræðilegar skráningar af námi barnsins í leikskólanum ásamt listaverkum og ljósmyndum sem lýsa viðkomandi einstaklingi vel. Möppurnar eru hafðar aðgengilegar fyrir börnin þannig að þau geti skoðað þegar þau vilja.

Ytra mat: Ytra mat skóla- og frístundasviðs hefur það að markmiði að fylgjast með og stuðla að auknum gæðum og árangri hjá þeim stofnunum sem heyra undir sviðið. Til grundvallar ytra matinu liggja fyrirfram skilgreind viðmið um gæði í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Starfsemin er metin með könnunum, vettvangsheimsóknum, greiningu gagna og viðtölum við stjórnendur, starfsfólk, börn og foreldra.



Markmið ytra mats er að:

Tryggja að starfsemi leikskólans sé eins og lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla gera ráð fyrir.

Tryggja að starfað sé eftir skólanámskrá og ársáætlun.

Nýta niðurstöðu rendurmats og þær upplýsingar sem fást til umbóta ef þörf krefur.


Leita eftir hugmyndum barnanna og viðhorfi foreldra og gefa þeim tækifæri til að koma með sínar skoðanir og hafa áhrif á leikskólastarfið eins og kostur er.

Að leikskólinn sé í stöðugri þróun.

Langtíma áætlun á námsmati

VIÐFANGSEFNI	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur				X
Faglegt samstarf		X		X
Leikskólaþróun og starfsþróun	X	X	X	X
Starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir	X	X	X	X
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		X	X	X
Námsvið leikskólans		X	X	X
Leikskóli án aðgreiningar		X	X	X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		X	X	X
Fagmennska starfsfólks		X	X	X
Starfsánægja		X	X	X

VIÐFANGSEFNI	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		X	X	X
Velferð og líðan barna		X	X	X
Pátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		X	X	X
Viðhorf foreldra		X	X	X
Innra mat				
Framkvæmd			X	X
Gagnaöflun og vinnubrögð			X	X
Opinber birting og umbætur			X	X



SAMSTARF SKÓLASTIGA OG FRÍSTUNDAR

„Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess og menntun er í brennidepli.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Meginmarkmiðið með samskiptum á milli skólastiga er að stuðla að vellíðan barnanna við breytinguna. Það er mikilvægt að börn fái tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskólanum. Þannig aukum við sjálfstraust þeirra og líkurnar á að flutningur milli skólastiga verði farsæll. Undanfarin ár höfum við átt afar gott samstarf við Vesturbæjarskóla og munum við halda því áfram. Heimsóknir skólahóps (sem eru elstu börnin í leikskólanum) eru u.þ.b. fjórar yfir veturinn þar sem þau fá innsýn í starfið frá mismundandi sjónarhornum. Heimsóknirnar eru fjölbreyttar og heimsækja börnin meðal annars valtíma, bókasafn, kennslustund með kennara þar sem þau taka nesti með að heiman og svo heimsókn í Skýjaborgir, frístund skólans. Þessar heimsóknir hafa undantekningarlaust verið börnunum mikið ánægjuefni og ekki nokkur vafi á að þær þjóni tilgangi sínum.

Fyrsta heimsókn er í bókasafn Vesturbæjarskóla þar sem lesin er saga og farið yfir skólastarfið.

Önnur heimsókn er í fyrsta bekk og farið í frímínútur.

Þriðja heimsókn er í Leikfimitíma og frístundaheimili.

Á vorin koma fyrstu bekkingar í heimsókn í leikskólann.

Á vorin er upplýsingafundur með kennurum skólastiganna og yfirmanni frístundar, þar sem farið er yfir skóladagatal og upplýsingar um börn ef við á, alltaf í samráði við foreldra. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með.





FORELDRASAMSTARF

„Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leiksólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Í Tjörn viljum við hafa opin og góð samskipti milli kennara, foreldra og barna. Að byrja í leikskóla er stór þáttur í lífi barns og foreldris og góð aðlögun er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum. Því er mikilvægt að góð samvinna og traust skapist strax í upphafi milli foreldra og starfsfólks. Aðlögunin er skipulögð af leikskólakennurum í samráði við foreldra. Áður en aðlögun hefst boðar leikskólastjóri foreldra í viðtal í leikskólanum. Farið er yfir handbók fyrir foreldra þar sem allt starfið er kynnt rækilega og foreldra fá leiðsögn um húsið þar með er lagður grunnur að góðu og traustu foreldrasamstarfi. Einnig eru undirrituð gögn sem snúa að væntanlegri dvöl barnsins. Í upphafi þarf að gefa barninu góðan tíma til að aðlagast. Í aðlögun barnanna er unnið út frá viðmiðunarramma þar sem gert er ráð fyrir að aðlögunin taki u.þ.b. fimm til sex virka daga. Þessi rammi er eingöngu til viðmiðunar og skoðast út frá þörfum hvers barns. Traust er algjör forsenda fyrir góðu samstarfi á milli heimilis og skóla.

Skemmtileg tenging á milli skóla og heimilis hefur myndast í Tjörn með tilkomu verkefninu Taskan heim, sem gengur út á að halda heim á föstudegi með Töskuna okkar og koma með hana aftur í samverustundir á mánudegi, í töskunni er eitthvað sem barnið hefur tekið með að heiman. Markmiðið er að tengja saman tvo heima barnsins. Barnið segir frá því sem það kemur með að heiman og æfir sig t.d. í framsögn.

Foreldrakaffi er reglulega í leikskólanum, þá mæta foreldrar með börnin sín í skólann, staldra við og njóta veitinga og eiga samskipti við kennara og aðra foreldra. Með þessari hefð styrkist sambandið við foreldra og verður andrúmsloftið afslappað og traust myndast.

Áður en desember-dagskráin hefst mæta foreldrar í skólann að kvöldi með efnivið og tól að heiman til þess og skreyta bæði úti og inni. Foreldrafélagið býður upp á veitingar sem ylja og mikil og góð stemning verður til. Börnin mæta svo í skólann daginn eftir, allan skreyttan eftir foreldra sína sem er skemmtileg upplifun fyrir þau og tenging við heimili og skóla verður skemmtileg í anda Reggio Emilia.

Ömmu og afa kaffi er haldið á þorranum, þá syngja börnin fyrir ömmu og afa og njóta þess að sýna þeim skólann. Á sumrin höldum við sumarhátíð en þá skreytum við garðinn okkar ásamt foreldrum, ömmum og öfum, förum í skrúðgöngu og allir koma með eitthvað á veisluborðið. Þetta er enn einn liðurinn í frábæru foreldrasamstarfi.



Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári (febr./mars). Óski foreldrar eftir fleiri viðtölum þá er auðvelt að koma því við. Markmiðið með foreldrasamstarfi er að vinna saman með tvo heima barnsins, þ.e. leikskóla og heimili, á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggjast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

„Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra.“

(Menntastefna Reykjavíkur, 2019)

Foreldrafélag Tjarnar

Í Tjörn er starfandi foreldrafélag, stjórn þess fundar reglulega. Foreldrar greiða árlega gjald í skemmti- og fræðslusjóð félagsins. Foreldrafélagið sér um að halda einn til tvo fræðslufundi á ári fyrir foreldra skólans. Félagið greiðir rútugjald í árlega sveitaferð og fyrir sýningu á einu til tveimur leikritum eða annarri skemmtun. Foreldrafundur er haldinn einu sinni á ári að haustlagi. Þá er vetrarstarf leikskólans og ársáætlun kynnt og á þeim fundi er lýðræðislega kosið í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð skólans. Foreldrar eru hvattir til þess að taka þátt í starfinu á alla vegu og viljum við hlusta á þeirra sjónarmið. Við berum allar helstu áætlanir undir foreldra og það skiptir okkur máli að þeirra raddir fái áheyrn. Börnin eiga að skynja góð samskipti á milli foreldra og kennara.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er foreldraráð starfandi við Tjörn. Leikskólastjóri situr fundi með ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skóla- og frístundasviðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Ráðið fylgist með að skólinn framfylgi námskrá og áætlunum og það hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfi skólans. Aðalnámskrá leikskóla má finna á slóðinni https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf



Markmið samkvæmt aðalnámskrá er að:

Veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

Skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Við viljum vera í góðum tengslum við foreldra og leggjum áherslu á að starfsfólk virði mismunandi sjónarmið foreldra til hinna ýmsu mála er viðkemur börnunum. Grunnurinn að samstarfinu er lagður í aðlögunarferlinu þar sem vanda þarf vel til.

HEIMILDASKRÁ

Pemahefti um grunnþætti í menntun. (2012). Ritróð um grunnþætti menntunar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík, Menntamálaráðuneytið. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/>

Stefna og starfsáætlun skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (2014). Reykjavíkurborg.

The Hundred Languages of Children The Reggio Emilia Experience in Transformation. Third Edition (C Edwards L Gandini and G Forman, Editors) Praeger Santa Barbara 2012

Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2014). Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat og ytra mat á gæðum leikskólastarfsins. Reykjavík.

Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). Lesið í leik, læsistefna leikskóla (2.útgáfa). Reykjavík.

Reykjavíkurborg. (2019). Látum draumana rætast. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Barnasáttmáli Sameinuðupjóðanna. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1997)

Reykjavík: Dóms og kirkjumálaráðuneytið

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar

<https://www.communityplaythings.co.uk/learning-library/articles/heuristic-play>

(I Learn from Children: An Adventure in Progressive Education Paperback – June 24, 2014 by Caroline Pratt (Author), Ian Frazier (Introduction)



